


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál.

Það sem oss vanhagar mest um hér á jörðu, er samband við full-
komnari lífstöðvar annars staðar í heimi. *Helgi Pjeturss.*



Hugmynd að stjörnusambandsstöð.

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Stjörnusambandsstöð

(Sjá forsíðumynd)

Margir eru þeir staðir í ritum spiritista þar sem lýst er stjörnu-sambandsstöðvum á öðrum hnöttum. Og á miðilsfundum Nýals-sinna, koma oft fram slíkar lýsingar. Kemur í ljós, að til engra bygginga er eins vandað og stjörnusambandsstöðva. Eru sumar þeirra sagðar svo stórar, að rúmað geta tugþúsundir manna. Í slík-um stöðvum gerast stórfenglegustu og merkilegustu atburðir hvers hnattar, sem kominn er á lífstefnuleið. Þarna verða heimsóknir frá lengra komnum sambandsvinum, jafnvel svo fullkomnum, að guðir mega teljast, a.m.k. ef miðað er við þroskastig okkar jarðar-búa. Allir sem viðstaddir eru slíkar heimsóknir magnast að orku frá hinum aðkomnu gestum.

Hið slæma og versnandi ástand okkar jarðarbúa stafar af ónógri lífmagnan frá æðri lífstöðum annars staðar í heimi. Þessi lífsambönd verður að bæta stórlega og það sem fyrst, ef takast á að snúa við frá hinni illu stefnu, sem nú sækir svo mjög á hér.

Fullkomin stjörnusambandsstöð hefur lengi verið óskadraumur þeirra, sem skilja nauðsyn bættra lífsambanda. Félag Nýalsinna mun beita sér fyrir byggingu slíkrar stöðvar. Á félagsfundi 8. jan. 1975 var einróma samþykkt að hefja undirbúning að slíkri bygg-ingu, sem yrði í því fólgin fyrst, að athuga um staðsetningu, hugs-anlegan kostnað, útlit og aðra gerð byggingarinnar, tilgang og verk-efni slíkrar stofnunar, möguleika til fjáröflunar o. s. frv.

Myndin á forsíðu er hugmynd um útlit stjörnusambandsstöðvar og minnir hún að vísu á hliðstæða mynd sem kom í félagsblaði nr. 39 á fyrra ári.

Ný stöð yrði að vera fögur bygging svo sem best má verða. Ef skriður kæmist á þetta mál, með tilstuðlan mikils fjölda fólks, mundu hugmyndir koma fram, hver annari snjallari.

Gaman væri ef einhverjir fleiri gætu sent félaginu útlitshug-myndir að nýrri sambandsstöð.

Ingvar Agnarsson.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 8. janúar 1975.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 8. janúar 1975, að Álfhólsvegi 121, og hófst hann kl. 9,10 síðdegis. Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og las honum dagskrá. Bað hann síðan Helga Guðlaugsson að vera fundarstjóra og Steingerði Þorsteinsdóttur fundarritara. Fyrsta mál á dagskrá var tillögur ásamt greinargerðum frá sambandsfundanefnd. Nefndin lýsti störfum sínum á þá leið, að kannað hefði verið hvernig ástætt væri um tilraunafundi félagsins, að nefndarmenn hefðu athugað fundabókina, rætt við ýmsa félagsmenn og loks átt einkaviðræður við þá 4 af miðlum félagsins sem lengst hafa verið starfandi. Þessar athuganir hefðu orðið nefndinni tilefni til ákveðinna tillagna, sem voru á þessa leið:

I. Að á tímabilinu frá og með þessum degi (8. janúar) og fram í miðjan marsmánuð næstkomandi verði gerðar 5 sérstaklega undirbúnar sambandstilraunir, nánar tiltekið dagana 16. og 30. jan., 13. og 27. febrúar og 13. mars, allar á sama tíma, kl. 20,45 og ennfremur að á þessu tímabili verði engir aðrir sambandsfundir haldnir á vegum félagsins, nema hvað venjulegir mánudagsfundir haldist óbreyttir, ef þess er óskað sérstaklega.

II. Að stjórn félags Nýalssinna velji sérstakan leiðbeinanda til þess að sjá um hvern þessara funda.

III. Að á fyrstu tveim fundunum verði einungis félagsmenn, en síðar verði heimilt að taka með sér gesti.

IV. Að á félagsfundinum þann 5. mars verði rætt um árangur af fjórum fyrstu fundunum, sem þá hafa verið haldnir, með framtíðarskipulag sambandstilrauna Félags Nýalssinna í huga.

Undir þessar tillögur skrifuðu Atli Hraunfjörð, Kjartan Norðdahl og Magnús Norðdahl, og héldu þeir síðan allir framsöguerindi um málið og mæltu með tillögunum.

Fundarstjóri gaf orðið laust og það fólkið ræða tillögurnar. Til orða tóku Sigríður Guðmundsdóttir, Hulda Valdimarsdóttir og Helgi Guðlaugsson, og voru undirtektir þeirra við tillögurnar jákvæðar. Kjartan Norðdahl tók aftur til máls og ræddi það atriði tillagnanna, að hafa sérstakan leiðbeinanda á hverjum fundi og taldi hann Þorstein Guðjónsson hafa veitt fundunum slíka forstöðu um tíma, en síðan hefði það lagst niður. Leiðbeinandann taldi hann eiga að annast um móttöku gestanna og annað sem til undirbúnings þarf, og einnig að stjórna sambandstilauninni. Einnig kom það fram að skipta mætti um leiðbeinendurna. Þorsteinn Guðjónsson sagði tillögurnar og greinargerðirnar vera mjög efnismiklar, og því væri hér um nóg að tala. Hann taldi heppilegt að velja leiðbeinendur og láta þá skiptast á. Hann taldi óþarft að draga úr hinum venjubundnu tilraunafundum félagsins, þó að teknir væru upp fundir með breyttu sniði. Þess vegna ættu aðrir sambandsfundir í stöðinni að vera frjálssir sem áður. Miðlarnir Sigurður Ólafsson og Sveinn Haraldsson studdu þetta. Atli Hraunfjörð taldi fara betur á, að stjórn félagsins veldi leiðbeinendurna en að nefndin gerði það, því að með slíku móti yrði þetta meir sem félagsframkvæmd en sem framkvæmd sérstakrar nefndar. Þessu mótmæltu Helgi Guðlaugsson og Kjartan Norðdahl. Varðandi það að hafa aðra fundi strjállli meðan hinir nýju fundir færu fram, taldi Atli það mæla með fækkuninni, að annars væri hætta á að miðlarnir bæru með sér stilliáhrif frá hinum fundunum á þessa. Sveinn Haraldsson og Sigurður Ólafsson töldu þetta ekki skipta miklu máli. Magnús Norðdahl taldi að best væri að þetta væri miðlunum sem mest í sjálfsvald sett.

Þorsteinn Guðjónsson spurði enn um ákvæði í 1. grein um sérstakt leyfi fyrir öðrum sambandsfundum, og spurði hvort nefndin vildi ekki sleppa þeim orðum úr tillögu sinni. Helgi Guðlaugsson tók skýrt fram, að nefndin skipti sér ekki af mánudagsfundunum og væru þeir fundir frjálssir sem áður. Ingvar Agnarsson spurði — og vísaði til þess að tillögur nefndarinnar væru við það miðaðar að hafa sem öflugasta innanfélagsfundi — hvort nefndin — eða einhverjir aðrir stefndu nokkuð að því að halda opinbera tilraunafundi í Reykjavík eða utan — á því tímabili sem hinir nýju fundir væru fyrirhugaðir. Sigríður Guðmundsdóttir svaraði því að ekkert slíkt stæði til, enda miðaðist allt við að efla þessa sérstöku fundi. Atli Hraunfjörð sagði að þessir fundir væru við það miðaðir að mynda sérstakan kjarna áhugasamra félagsmanna, sem sæju til þess,

að nýtt fólk færi ekki með brenglaðar hugmyndir af fundum, eins og oft hefði viljað við brenna.

Eftir allmiklar umræður voru tillögur nefndarinnar bornar undir atkvæði með þeirri breytingu á 2. grein, að sambandsfundanefnd var beðin að starfa áfram og velja sjálf leiðbeinendurna á hinum sérstöku fundum. Ingvar Agnarsson kvað mestu skipta að mál þetta væri afgreitt með góðum einhug allra fundarmanna, og eins kvaðst hann vonast eftir góðum árangri af þessu framtaki, og eftir það var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þessu næst tók fundarstjóri Helgi Guðlaugsson fyrir mál á milli dagskrárliða, en það var á þá leið að hækka félagsgjöldin. Nefndi hann fyrst 3000 krónur, og rökstuddi það með því, að hefði hækkun í 2000 krónur verið tímabær í fyrra, þá væri ekki minni þörf á 3000 krónum núna vegna rýrnunar peninganna. Sigurður Ólafsson bætti um betur og lagði til 4000 krónur á mann. Það kom fram, að heimild væri í lögum fyrir því, að gjaldkeri semdi um lækkun við ungt námsfólk, öryrkja, ellilífeyrisþega og aðra sem höllum fæti stæðu. Spurt var hversu há gjöld þessa fólks væru venjulega höfð, og sagði gjaldkeri það venjulega vera helmings framlag. Mælt var með því að gjöld væru jafnvel höfð enn lægri. Eftir það var 4000 króna tillagan samþykkt. Magnús Norðdahl lagði til að menn mættu tvískipta borguninni. Sigurður Ólafsson lagði til að ævifélagsgjald yrði 30.000 krónur og var það samþykkt. Sigríður Guðmundsdóttir spurði hvað félagar væru margir. Helgi taldi vera 100 virka og auk þess væru 45 ævifélagar.

Þessu næst flutti formaður, Ingvar Agnarsson, framsögu-erindi um *Undirbúning að byggingu nýrrar sambandsstöðvar*, eins og boðað hafði verið í dagskrá. Voru þar borin fram ýmis rök fyrir því að slíkur undirbúningur þyrfti að hefjast fyrr en síðar, og meðal annars vísað til hins sívaxandi starfs á vegum félagsins. Í lok erindisins bar formaður fram tillögu um að fundurinn veitti stjórn félagsins umboð til þess að kanna möguleika á byggingu stórrar og fullkominnar stjórnusambandsstöðvar í Reykjavík eða nágrenni. Nokkrar umræður urðu um erindið og tillöguna, og beindist flest sem menn sögðu að því að styðja tillöguna. Var hún síðan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Pjetur Gíslason kvaddi sér hljóðs og sagði að menn yrðu að hafa það hugfast að þar sem kenning Nýals er, væri um vísindalega uppgötvun að ræða, og því hlýtur framhaldið af henni að vera nýjar uppgötvanir til viðbótar. Menn yrðu að gera sér ljóst að starf vís-

indamannsins væri ævistarf, og að árangur næðist þar ekki nema með því að leggja sig allan fram. Hann taldi flest vera út í loftið sem rætt hefði verið hér þetta kvöld. Þorsteinn Guðjónsson tók undir það að vísindalegar uppgötvanir dr. Helga Þjeturss væru hér kjarni málsins, og mætti mönnum ekki sjást yfir það. Ingvar Agnarsson sagði að það væri ekki út í loftið að vinna að bættri starfsaðstöðu og kynna málefnið út á við, eins og verið væri að gera á vegum þessa félags.

Næsta atriði á dagskrá var „Kynning Nýalsstefnunnar meðal almennings í ræðu og riti“, framsöguerindi sem Sveinbjörn Þorsteinsson hafði ætlað sér að flytja. Helgi Guðlaugsson lagði til að þessi dagskrárliður yrði felldur niður og fluttur á næsta félagsfundi. Studdi Sveinbjörn þessa tillögu Helga og féll því erindið sjálfkrafa niður í þetta sinn.

Í dagskrárliðnum Önnur mál bar Atli Hraunfjörð fram tillögu um merki handa félaginu.

Fundi lauk kl. 11,15.

Um fóstureyðinga- frumvarp á Alþingi

Ályktun félagsfundar 5. febrúar, og greinargerð var send öllum alþingismönnum þann 10. febrúar og síðan öllum helstu fjölmiðlum: Háttvirtu alþingismaður.

Félag Nýalssinna sendir yður hér með ályktun sem gerð var á almennum fundi félagsins þ. 5. febrúar 1975 gegn fóstureyðingafrumvarpi því sem nú liggur fyrir alþingi. Félagið væntir þess að þér hugleiðið þetta mál vel út frá þeim skilningi, sem hér kemur fram á eðli þess verknaðar, sem fóstureyðing er, og sendir yður því jafnframt greinargerð þá eða rökstuðning sem borinn var fram fyrir tillögunni á fundi félagsins. Tillagan og greinargerðin hlutu mjög eindregnar undirtektir fundarmanna, og kynni það að vera bending um viðhorf almennings til þessa máls á landi hér. Það er einlæg ósk okkar, sem að þessari ályktun stöndum, til alþingismanna, að þeir flaustri ekki af afgreiðslu jafn alvarlegs máls og frumvarpið er, eins og því miður hefur verið lagt til af þeim, sem bera það fram.

GREINARGERÐ

I.

Nýalssinnar hafa orðið ásáttir um að hefja umræður um fóstureyðingafrumvarp það, sem nú liggur fyrir alþingi. Við álitum, að hér sé um að ræða mál sem varðar þjóðina alla, og við álitum, að Félag Nýalssinna eigi að láta mál þetta til sín taka, ef verða mætti til þess að afstýrt yrði samþykkt þessa frumvarps. Við álitum, að samþykkt þess á alþingi mundi skapa þjóðinni lakari sambönd en verið hafa við lífstöðvar annars staðar í heimi. Ef þjóðin færi að sætta sig við hömlulitlar fóstureyðingar, bæri það vott um spillingu hugarfarsins. Við teljum reyndar ekki, að þjóðin sé samþykkt því, að slík stefna sé tekin, en e.t.v. er hún hugsunarlítil um þessi mál, og því gæti svo farið, að frumvarpið yrði knúð í gegnum þing-ið án þess að það væri í fullu samræmi við vilja almennings í landinu.

Til þess að glöggva sig á mikilvægi og alvöru þessa máls, er rétt að skoða það út frá nýjum vísindalegum skilningi á lífinu og samböndum þess, sem komið hefur fram á landi hér, en því miður ekki verið sá gaumur gefinn sem skyldi.

II.

Frá upphafi vega hafa barnamorð verið talin með verstu glæpum, sem drýgðir hafa verið. Í fornöld þekktist útburður á nýfæddum börnum á Íslandi, að því er sögur herma, en þótti ætíð illt verk, að því er sömu sögur herma, þótt ekki varðaði við lög.

Meðal Semíta tíðkuðust barnamorð, og eru þar dæmin hryllilegust frá Karthagó, en einnig í biblíunni er sagt frá útrýmingaraðferðum sem vekja viðbjóð og skelfingu. Við tókum þó fram að við álitum ekki að þeir sem hafa mælt með greiðari aðgangi að fóstureyðingum, hafi gert það af illum hvötum.

Við teljum að aðalorsök þess að fallist er á fóstureyðingar hljóti að vera sú, að fólk haldi, *εἰ* fóstur sé ekki orðið *maður*, að það hafi ekki fengið „sál“ a.m.l. ekki á fyrri hluta meðgöngutímans, en „sál“ þýðir í huga manna almennt sama sem „möguleiki til framlífs“.

Skal nú sagt í sem stystu máli hvernig við álitum að þeim möguleikum hljóti að vera farið, og segir einn okkar um það á þessa leið: „Ég álít að þarna (í því að telja fósturið sálarlaust), hljóti að vera um mikinn misskilning að ræða. Ég held að þegar eftir sameiningu sæðis og eggs sé í rauninni kominn fram nýr einstaklingur, sem aðeins á eftir að vaxa og þroskast, fyrst við hagkvæm skilyrði í líkama móðurinnar, og síðan utan hans eftir fæðingu. Ég held að strax eftir slíka sameiningu eigi þessi einstaklingur fyrir sér óendanlega framtíð, fyrst á þessari jörð, en síðan á annarri jörð og jörðum. Ég held að sé þessi einstaklingur sviptur lífi, meðan hann er enn á fósturstigi, hljóti það óhjákvæmilega að valda honum miklum þroskatálmunum í framlífi. Eftir skilningi okkar Nýalsinna hlýtur barn á fósturstigi að koma fram meðal vina á öðrum hnetti, ekki síður en nýfætt barn eða fullorðinn maður. En þeim mun styttra sem þroski þessa barns er kominn á fósturstiginu, hljóta erfiðleikarnir að vera meiri á því að koma því til fulls og eðlilegs þroska í framlífi, þrátt fyrir alla alúð þeirra, sem sjá um móttöku og þroskun slíkra barna.“ (Á fundinum var þetta rakið nokkru lengra og nánar og getur hve sem vill fengið að sjá það hjá félaginu).

Fulla vissu teljum við að vísu ekki fengna fyrir því að framlífs-
möguleikinn hefjist þegar með frjóvgun eggins, en sennilegast er
að svo sé, og alveg er það víst að sannanir fyrir framlífi hafa komið
fram.

Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að brýna nauðsyn ber til
að tekið verði í taumana án tafar. Með samþykki þessara tillagna
vill Félag Nýalssinna leggja sitt af mörkum til þess að afstýrt verði
þeim tíðindum, sem að er stefnt með fóstureyðingafrumvarpi rík-
isstjórnar okkar.

Fundarsamþykkt félagsins fylgir þessu bréfi.

Með virðingu og góðum óskum

Kópavogi, 10. febrúar 1975.

F.h. Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121

Ingvar Agnarsson.

Helgi Guðlaugsson.

ÁSKORUN TIL ALÞINGISMANNA

Á félagsfundi Nýalssinna, höldnum að Álfhólsvegi 121, 5. febrúar
1975 var samþykkt eftirfarandi áskorun til alþingismanna.

1. Fundurinn samþykkir að skora á alþingismenn að fella frum-
varp það, sem nú er til meðferðar á alþingi um greiðari aðgang að
framkvæmd fóstureyðinga en verið hefur hingað til.

2. Fundurinn lítur svo á að fóstureyðing skuli aðeins fram-
kvæmd í neyðartilfellum að læknisfræðilegu mati (til dæmis til þess
að bjarga lífi móðurinnar, eins og gert hefur verið hingað til hér
á landi), en alls ekki af félagslegum ástæðum, eins og til dæmis
vegna fátæktar, aldurs, ósamkomulags foreldra eða eigin geðþótta
móðurinnar, eins og sumir mæla með. Í stað þess að grípa til þess
neyðarúrræðis sem fóstureyðing er, ættu menn að beina orku sinni
að því að bæta aðstöðu þeirra mæðra sem illa eru settar.

3. Fundurinn telur að fóstureyðing sé illt verk, ekki aðeins
vegna þess að þar er verið að stytta æviskeið einstaklings, sem þegar
hefur eignast sitt sérstaka svipmót, heldur einnig vegna þeirra
skaðlegu áhrifa, sem slíkt kann að hafa á framlíf fóstursins. Því
verður ekki lengur neitað, að fullgild vísindaleg og heimspekileg
rök eru nú komin fram fyrir framlífi einstaklingsins á öðrum hnött-
um að loknu lífi hér á jörð. Og alþingismenn geta ekki leyft sér
að setja lög, sem gætu skaðað framlíf manna, án þess að hafa áður
kynnt sér rökin í því máli.

Bréfaskipti við erlenda menn

I.

Nauðsyn kynningar Nýalsstefnunnar erlendis

Nokkur bréfaskipti hafa átt sér stað í allmarga undanfarna mánuði milli mín og ýmissa manna í nokkrum löndum um sambandsmál og um ýmis fyrirbæri í því sambandi. Hafa þessir menn sýnt áhuga á að kynnast kenningum dr. Helga Pjeturss og hef ég reynt að útskýra helstu undirstöðuatriðin í kenningum hans, og einnig hef ég sent þeim sumum *Erlendar greinar* Helga Pjeturss.

Ég hef rekið mig á, að þetta er erfiðara, en í fljótu bragði mætti ætla. Stafa þessir erfiðleikar bæði af því, að flestir hafa alrangar fyrirframsannfæringar á þessum málum, en einnig er erfitt og tímafrekt, ef útskýra skal frá rótum undirstöðuatriðin í kenningum Nýals, fyrir hverjum einum sem um þau mál vill fræðast. Það eina sem dugað gæti, er bók á erlendu máli, þar sem saman væru tekin meginatriði kenninga Nýals og þau tengd því sem áunnist hefur í fyrirburðafræðum á síðustu áratugum. Bók í líkingu við „Líf er á öðrum stjörnum“, og þó e.t.v. nokkru fyllri, mundi verða hér mjög til úrbóta. Ég er sannfærður um, að útgáfa slíkrar bókar er eitt hið mesta nauðsynjamál fyrir málefni okkar. Erlendir menn, verða að eiga kost á nýölskum skilningi um þessi mál. Heimurinn bíður eftir þessari vitneskju.

Eins og áður sagði hef ég um nokkurra mánaða skeið átt bréfaskipti við ýmsa menn í öðrum löndum, og höfum við skrifast á á Esperanto.

Ég ætla hér á eftir að koma með nokkur sýnishorn af því, sem þessir menn hafa skrifað, hugleiðingar þeirra, spurningar og í sumum tilvikum harða gagnrýni þeirra, enda varla við skilningi að búast meðan þessi mál eru þeim ókunn, og aðgengileg rit á erlendum málum eru ekki fyrir hendi.

Flestir hafa þeir einnig óskað eftir að skrifast á um nýölsk mál-
efni við fleiri Íslendinga, og birtast nöfn og heimilsföng nokkurra
þeirra hér á eftir og er vonandi að einhverjir Nýalssinnar verði til
að skrifa einhverjum þeirra við tækifæri.

Ingvar Agnarsson.

II.

Sýnishorn úr erlendum bréfum

Úr bréfi frá Nýja-Sjálandi 19. ágúst 1974.

Það sem þú segir mér um kenningar dr. Helga Pjeturss heillar
mig. Ég mundi vilja eiga kost á að eignast ritverk hans á máli sem
ég gæti skilið.

Nýrri hugmynd skaut upp hjá mér: Ef við ættum samræður við
mann úr gjörólíku og frumstæðu samfélagi og reyndum að útskýra
fyrir honum mikilleika alheimsins og alla þá möguleika, sem ótelj-
andi vetrarbrautir hafa upp á að bjóða, þá mundum við ekki undr-
ast, þótt hann gæti ekki skilið um hvað við værum að tala. Okkur
mundi finnast þetta eðlileg viðbrögð af hans hálfu. Við ættum
frekar sjálf að undrast meira en við gerum yfir því, sem við vitum
nú þegar um furður alheimsins. Getum við lengur neitað hinum
miklu möguleikum, sem þessi skilningur hefur upp á að bjóða?

Mig hefur aðeins einu sinni dreymt, að ég sæi andlit mitt í
spegli. Það var gjörólíkt mínu eigin andliti, og hárið var rautt.

Ástand og horfur eru ískyggilegar í heiminum. Mennirnir reyna
að velja og hafna, en þeirra val er varla sjálfrátt. En margt ungt
fólk nú á tímum, er tilfinninganæmt, og stefnir að því að bæta
heiminn.

Fyrir mig hafa stundum borið óskiljanleg atvik, að vísu ekki
oft. Þessi atvik hafa haft mikil áhrif á mig, en snerta ekki aðra.

Ég hef alltaf haft tilhneigingu til að færa út takmörk hugsana
minna. Og ég er viss um að skýringar þínar munu færa mig nær
því marki.

Esmé Show.

Úr bréfi frá Búlgaríu 20. júlí 1974.

Þetta er í fyrsta sinn sem ég heyri nefndan dr. Helga Pjeturss,
en ég fæ strax áhuga á að kynnast kenningum hans.

Viðvíkjandi stjörnusamböndum: Fyrir nokkrum árum var í frétt-
um sagt frá móttöku útvarpsmerkja frá öðrum stjörnum. Mitt

álit er, að e. t. v. séu til háþróaðar verur á öðrum stjörnum. E. t. v. skilja þær okkur, e. t. v. gætu þær gert tilraunir á okkur og leiðbeint okkur. E. t. v. hættem við að nota sjónvarp eftir svo sem 5—6 þúsund ár vegna þess að þá höfum við ekki lengur þörf fyrir það. Þá verða tekin upp fjarhrifasambönd. Þá verða menn sjálfir sjónvarpstæki. En við getum ekki gert okkur ljóst, hvernig þetta má verða.

D. Dimov.

Úr bréfi frá Hollandi 23. júlí 1974.

Já, ég held að möguleikar séu á því, sem þú skrifar um. Ég held að stjörnusambönd með lífgeislaaðferðum séu einu hugsanlegu möguleikarnir . . . Ég held að samskipti við íbúa annarra stjarna hafi verið raunveruleg á tímum hinna fornu Egypta. . . . Þú hefur skrifað mér dálítið um kenningar dr. Helga Pjeturss. Ég bið þig að veita mér nánari vitneskju um kenningar hans.

A. J. Bout.

Úr bréfi frá Englandi 16. maí 1974.

Ég ætla að segja þér frá því, að í síðari heimsstyrjöldinni starfaði ég sem radar-tæknifræðingur á herskipi, sem einkum hélt sig á Inlandshafi. Það gerðist um miðja stjörnubjarta nótt, að aðvörunarflauturnar fóru að hljóma og gáfu til kynna að tafarlaust skyldi búist til bardaga og að hver einn af áhöfninni skyldi fara á sinn stað. Bergmálstækið (ASDIC) sýndi þrjá ókennda hluti, er ég fann síðan að væru kafbátar, sem ekki var hægt að þekkja sem vinaskip. Þetta hlutu því að vera óvinaskip og okkur bar að granda þeim.

Fyrirskipun var gefin um að samstundis skyldi nota öll varnavopn til að eyða óvinaskipunum. Upplýsingar um staðsetningu kafbátanna komu fram á ASDIC tækjunum, og voru sendar áfram til þeirra, sem annast áttu djúpsprengingarnar. Og þeim var varpað í sjóinn, þar sem kafbátarnir áttu að vera, en án árangurs. Eftir svo sem fimmtán mínútur kom kafbátur upp á yfirborðið og síðan aðrir tveir, en þeir voru í nokkur hundruð metra fjarlægð frá staðnum, þar sem verið var að varpa sprengjunum. Og nú sá ég þegar, að þetta voru vinaskip. Þau höfðu verið send á þessar slóðir í leyningum tilgangi, og með þeim fyrirmælum, að gefa sig ekki fram. Þegar við fórum að varpa djúpsprengjunum, ákvað

foringi þessarar kafbátadeildar að koma upp og berjast við árásar-
aðilana. En þar sem í ljós kom, að hér voru vinir á ferð, hættu
allar aðgerðir. En tekið var til við að rannsaka hvernig staðið gæti
á hinn ónákvæmu staðsetningu sem ASDIC-tækin sýndu. Eftir
öllum sólarmerkjum að dæma hlaut þarna að vera um bilun að
ræða í bergmálstækjunum og þau hefðu því vísað á skakkan stað.
En er ég rannsakaði tækin nánar, og reyndi þau á ýmsan hátt, kom
í ljós að þau störfuðu rétt að öllu leyti. En hvernig sem þessu var
varið, varð þetta til þess, að þrjú vinaskip björguðust úr bráðri
hættu og áhafnir þeirra.

Mér virðist þessi atburður ákaflega einkennilegur. Og upp frá
þessu fór ég að hugsa um þau öfl, sem vaka yfir okkur. Eiga þau
upptök sín úti í himingeimnum, eða eru þau tengd jörð okkar?
Eða er okkar eigin hugur hér að verki?

Donald G. Dickinson, leikritahöfundur.

— — —
Atbs: Hér er vissulega um sérkennilegan viðburð að ræða, sem
er fólgin í því að ASDIC-leitartæki gefur merki um skip, þar sem
engin skip eru, og virðist eins og þetta fyrirbæri hafi gerst, bein-
línis í þeim tilgangi að bjarga þrem skipum, sem þarna voru á ferð.
Ætla maetti, að hér hafi verið að verki æðra vit og æðri máttur,
sem hefur valdið því, að slíkt fyrirbæri gat gerst.

En hvernig mundum við skýra þetta?

Ef einhverjir af lesendum blaðsins vildu nú gera tilraun til skýr-
ingar með kenningar Nýals sem leiðarljós, mundu þær vera þakk-
samlega þegnar til birtingar í blaðinu.

Ingvar Agnarsson.

Úr bréfum frá Kólumbíu

(*Kafla úr bréfi 12. ágúst 1974*).

Ég vil skrifast á við þig um þetta heillandi viðfangsefni. Því
miður þekki ég ekki verk dr. Helga Pjeturss, en mig langar til að
kynnast þeim. Ef til vill hafa þau verið þýdd á Esperanto.

Ég held að lífsambönd eigi sér stað í alheiminum og að til séu
fljúgandi diskar, sem komið geti til jarðar annars staðar frá. Ég
hef trú á, að yfirmannlegir kynþættir séu til og fjarhrif. En eink-
um hef ég þá skoðun að hamfarir eigi sér stað í *astral líkama*.
(Leturbreyting mín I.A.).

Louis Eduardo Palacias Toral

(*Kafla úr bréfi 5. sept. 1974*).

Bréf þitt var áhugavert og ég las það margsinnis. Ég held, að ýmsar hugmyndir séu okkur sameiginlegar, en að útskýringar þeirra með orðum komi fram með nokkuð misjöfnum hætti.

Í mörg ár hef ég haft áhuga á draumum og nú skiptumst við á skoðunum um það efni. Nú verða þessi umhugsunarefni mér ekki aðeins skemmtun eða dægurstytting, heldur annað og meira.

Ég er 48 ára, og ég þakka guði (æðri veru), að ég hef fundið þetta tæki, hugsun mína, til að leita eftir og læra að meta aðrar verur í hinum víða alheimi

Louis Eduardo Palacias Toral
skólastjóri við menntaskóla í Cartagena,
Kólumbíu.

Úr bréfi frá Póllandi 29. ágúst 1974.

Ég fékk í hendur bæklinginn (*Erlendar greinar, eftir H.P.*) og síðasta bréfið frá þér fyrir mjög löngu, og ég hef dregið að svara svo lengi, vegna þess að ég ætlaði að hugsa dálítið um hugmyndir þær, sem þú berð fram í bréfi þínu, og um þær hugmyndir, sem er að finna í bæklingnum, og jafnvel að átta mig á, hvernig á því stæði, að ég átti bággt með að fallast á þessar hugmyndir, að ýmsu leyti. Í rauninni hugsaði ég ekki nægilega um þetta efni, og svo komu ýmsar truflanir sem sumrinu fylgja og daglegu lífi: ferðalög, sólskin og þess háttar.

Ég ætla nú að byrja á að gagnrýna innihald bæklingssins Erlendar greinar. Aðalathugasemd mín er: Þar er engin sönnun! Höfundurinn fullyrðir einfaldlega, að hann hafi komist að þessari eða hinni niðurstöðunni eða ályktuninni, hafi fundið eitthvert lögmál, án þess að segja, á hverju hann byggir þetta, hvers vegna hann ályktar einmitt þetta, eða hvað það er sem sannar þetta. Hugmyndin um draumgjafa og draumþega er t.d. mjög áhugaverð og „djörf“. En hann styður þessa hugmynd sína ekki með neinu öðru en því, að hann hafi eytt til þess mörgum árum, að komast að þessari niðurstöðu. Og hvorki kenningin sjálf virðist vera heilsteypt eða „gatalaus“ né heldur undirstöðuhugmyndin. Hvorugt sýnist vera neitt annað en heilaspuni eða hugmyndaflug (fantazio). Hið sama virðist gilda um aðrar fullyrðingar — á hverju byggjast þær?

Hvers vegna eru draumar ekki jarðneskir í eðli sínu? Ég get ekki hugsað mér stjörnur sem leyndardómsfulla hluti með leyndardómsfullum íbúum! Ef til vill vegna þess að ég er stjörnufræðing-

ur (að mennt, þótt ég fáist nú við aðra grein eðlisfræðinnar), þá er allur alheimurinn að minni hyggju að mestu leyti efni, samkynja, samkvæmt efniseiginleikum frumeinda hans. Ég get ekki fundið ástæðu fyrir því, að til ættu að vera aðrar „jarðstjörnur“ til þess að þjóna jarðarbúum sem draumgjafar eða því um líkt. Allar jarðstjörnur hljóta að vera jafn réttháar.

Án þess að þekkja til hlítar undirstöðuatriðin, get ég ekki rætt þessi mál frekar. Ég verð því að láta hér staðar mumið.

Aðeins vil ég segja að ég stend ekki á móti öllu, sem þú skrifar eða H. Pjeturss í *Erlendum greinum* en ég vil skilja forsendur fyrir ályktunum og hugsanagangi (pensmaniero) en þær forsendur finn ég ekki í bæklingnum. Ef eitthvað er óskiljanlegt, hvort heldur það er nýtt eða einkennilega, þá skal það vera fjarhrifa-lífsamband (telepatia biokontakto) við fjarlægán heim, sem enginn hefur getað séð, sem enginn getur haft stjórn á og enginn getur sannað.

Ég vona að geta bráðlega fengið frá þér nánari fræðslu um fjarhrif, lífsambönd o. s. frv. til þess að geta rætt um þessi mál á skynsamlegri hátt.

Maria Romaniuk, stjörnufræðingur.

— — —
Ath.: Eins og vel kemur fram í þessu bréfi frá hinni pólsku menntakonu, þá hefur hún ekki skilið eðli þeirra mála sem Helgi Pjeturss ræðir um í *Erlendum greinum*, né hefur hún í þeim fundið kjarna kenninga hans.

Einnig kemur þarna til greina hversu hugsanaferill sumra menntamanna getur orðið steinrunninn, þeirra sem vísindi stunda eftir hinum hefðbundnu leiðum, og hve nýjar hugsanir og nýr skilningur á erfitt með að brjóta sér leið inn í huga þeirra.

I.A.

III.

Bréfaskipta óskað.

Þessir menn hafa óskað eftir bréfaskiptum um nýölsk fræði, og um sitthvað sem lýtur að lífsbandi milli hnatta.

- 1.: S-ro Alfred Muszer,
Aleja Bojowników o,
Wolnosc i Demokracje 32,
PL 41-500 CHORZOW
Poland
(Mál: Esperanto).

- 2.: S-ro D. Dimov,
Zavod za antibiotici,
Razgrad, Bulgariu.
(Mál: Esperanto).
- 3.: S-ro A. J. Bout,
Mappelrade 21,
Haag, Hollandi.
(Mál: Esperanto).
- 4.: S-ro Maria Luiza Lage,
Praia de Botofogo 416/1003,
Rio de Jaeiro, GB,
Brasilíu.
(Mál: Esperanto).
- 5.: S-ro Lous Eduardo Palacios,
P. K. 12-03 (AERA),
Kartageno,
Kolombio.
(Mál: Esperanto).
- 6.: S-ino Maria Romaniuk,
Oksywaka 28,
OL-694 Varsovio,
Pollandi.
(Mál: Pýska, enska esperanto).
- 7.: S-ro D. G. Dickinson,
Ivy House,
Ousby, Penrith,
Cumbria, CA 10 1QA,
Englandi.
(Mál: Enska, esperanto).
- 8.: S-ino Esmé Show,
90 Glasgow 25,
Wanganui, New-Zelando.
(Mál: Enska, esperanto).

9.: S-ro Leo Weber,
Geblergasse 70/20,
Wien,
A-1170 — Austria.
(Mál: Þýska, enska esperanto).

Auk þeirra mála, sem getið er hér að ofan, geta þessir bréfritarar svo auðvitað ritað mál viðkomandi landa.

Ingvor Agnarsson.

Skoðanir nóbels- verðlaunamanna

„Líf er á öðrum stjörnum“, sögðu nóbelsverðlaunamennirnir í sjónvarpsþætti frá Svíþjóð á sunnudagskvöldið (2. febr.) og er óhætt að segja að betur gat sjónvarpið naumast gert, en að sýna þennan þátt. Því að þessi þáttur sýndi það, enda þótt enn sé mjög tvísýnt um framtíð mannkynsins, að enn er þó nokkur von. Vonin byggist á því að vitið hafi betur en vitleysan, og í þessum þætti var ekki um að villast að viðleitnin til vits hafði betur.

Það kom mér sérstaklega skemmtilega á óvart, að sjá hve snjöll og vakandi hugsun próf. A. Hewish er. Um margra ára skeið hefur hann í mínum huga verið allt að því sökudólgur, og er of langt mál að rekja það til fulls nú. En þetta var í sambandi við uppgötvun hans á tistjörnunum (pulsars) í árslok 1967 — og virtist mér sem laumuspil hefði átt sér stað í sambandi við það að tilkynna um þessa furðulegu, og furðulega þýðingarmiklu uppgötvun. Og reyndar játaði Hewish það nú í þessum viðræðum, að það hefði þá hvarflað að sér og yfirmanni sínum M. Ryle að brenna skýrslurnar um útvarpsmerkin — en þó birtu þeir þær, með miklum varnögglum og fyrirvörum. Það var óttinn við hugsunina um líf á öðrum stjörnum sem olli hiki þeirra þá. En nú kom Hewish þarna fram sem ágætur fulltrúi réttar hugsunar og andlegs frelsis.

Hefði ég átt að dæma um þátttakendurna eftir útliti áður en þeir töluðu, hefði mér sennilega skjátlast eitthvað. Ég hefði varla metið belgísk-bandaríska lækninn G. Palade rétt. En því meir sem áhrifa hans gætti í umræðunum, því betur líkaði mér við hann. Meðal þess sem mér þótti honum vel segjast var það að á trúarbragðasviðinu væru menn nú á dögum að glíma mest við vandamál fyrri kynslóða, meðan þeir lokuðu augunum fyrir hinum geigvænlega háska samtíðarinnar. Það var Palade, sem bar það rösklega fram, að spurningin, sem þessar umræður ættu að snúast um, væri ekki aðeins um líf á öðrum stjörnum, heldur um vitsmuna-

verur á öðrum stjörnum. Og þá fór nú að fara um suma þátttakendurna.

Gáfulegastur og göfugmannlegastur þessara vísindamanna virtist mér frakkinn A. Claude vera. Ef tala má um göfugt yfirbragð, þá eiga þau orð við um þann mann. Okkur sem horfðum saman á þetta, virtist lítið mark vera á honum tekið í umræðunum, og jafnvel eins og hent væri gaman að honum. Vera má að hann sé að einhverju leyti minna í sámræmi við tíðarandann en aðrir, lífi að einhverju leyti „um of“ í göm!um lista- og fegurðardraumum. En þó er ekki að efa að mikið gott getur enn hlotist af slíkum manni. Honum er hugstæður mikilleiki heimsins og ég geri ráð fyrir að það hafi greitt fyrir því hve vel A. Hewish stjörnufræðingi sagðist um þau efni (stilliáhrif).

Hewish, Palade og Claude sýndu það í þessum umræðum að þeir hafa áhuga á sannleikanum, en varla verður sama sagt um aðra þátttakendur umræðnanna, sem ég nefni ekki. Er best að hafa sem fæst orð, en betur varð mér jafnvel ljóst, þarna, en nokkru sinni, hve rótgróin er andúð sumra, sem mikils mega sín, einnig í vísindum og lærdæmi, á öllu því sem stefnir til þekkingar. Ekki var annað hægt en að taka eftir því hvaða svipur kom á tiltekinn þátttakanda í þessum umræðum, í hvert skipti sem snjöll hugsun og frjáls andi mátti sín meira. Það er eins og slíkir menn séu næsta blindir á það í ákefð sinni að girða fyrir sanna hugsun hvað muni bíða þeirra og allra annarra á þessari jörð, ef haldið yrði áfram á sömu braut. Einföld sannindi eins og óendanleiki heimsins, líf á öðrum stjörnum og samband milli mannshuga, er það sem slíkum óar mest við, en ekki hitt, að jörðin farist með öllum íbúum sínum.

Ekki get ég skilist við þetta efni án þess að nefna það, að ég var minntur á það fyrirfram að horfa á þennan þátt. Kunningi minn leit inn hjá mér fyrr um daginn, nýkominn sunnan af Kanaríeyjum, og sagðist hafa hitt þar sjö karla íslenska og sagt þeim að líf væri á öðrum stjörnum. Sex þeirra sjö töldu þetta sennilegan boðskap og vert að gefa honum betur gaum en þeir hefðu áður gert. „Nú verður talað um þetta í sjónvarpinu í kvöld“ sagði þessi kunningi minn „og þú verður að hlusta á það“. Ég er ekki viss um að ég hefði gert það annars.

Þorsteinn Guðjónsson.

EFNISYFIRLIT

STJÖRNUSAMBANDSSTÖÐ (sjá forsíðu) I.A. Bls. 2

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 8. janúar 1975 — 3

Umraedur um skipulagningu miðilsfunda.

Umraedur um byggingu nýrrar stjornusambandsstöðvar

UM FÓSTUREYÐINGARFRUMVARP Á ALÞINGI:

Greinargerð — 7

Áskorun til alþingismanna — 9

BRÉFASKIPTI VIÐ ERLENDA MENN:

Nauðsyn kynningar Nýslistefnunnar erlendis. I.A. ... — 10

Sýnishorn úr erlendum bréfum — 11

Úr bréfi frá Nýja-Sjálandi (Esmé Show) — 11

Úr bréfi frá Búlgaríu (D Dimov) — 11

Úr bréfi frá Hollandi (A. J. Bout) — 12

Úr bréfi frá Englandi (D. G. Dickinson) — 12

Úr bréfi frá Kólumbíu (Louis Palacias) — 13

Úr bréfi frá Póllandi (Maria Romaniuk) — 14

Erlendir menn óska bréfaskipta um Nýalsmál — 15

SKOÐANIR NÓBELSVERÐLAUNAMANNA. Þ.G. ... — 18

Stjornusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.